



98.héraðsþing UMSK

Haldið fimmtudaginn 28.apríl 2022 í Hlégarði Mosfellsbæ kl.18:00

1. Þingsetning.

Guðmundur G. Sigurbergsson formaður UMSK setti þingið.

2. Kosning þingforseta.

Formaður lagði fram tillögu um Hafsteinn Pálsson, stjórnarmann í ÍSí, sem þingforseta og var hún samþykkt.

3. Kosning þingritara.

Formaður gerði að tillögu sinni að Halla Garðarsdóttir, ritari stjórnar UMSK, yrði kosinn þingritari. Var það samþykkt.

4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.

Þingforseti bar upp tillögu um Bryndísi Ásmundsdóttur, Eystein Pétur Lárusson og Mörtu Sigurjónsdóttur í kjörbréfanefnd og var það samþykkt.

5. Skýrsla stjórnar lögð fram.

Guðmundur G. Sigurbergsson formaður UMSK fór yfir skýrslu stjórnar sem finna má í ársskýrslu fyrir árið 2021.

6. Ársreikningur áritaður af stjórn og skoðunarmönnum lagður fram.

Þorsteinn Þorbergsson, gjaldkeri stjórnar UMSK, fór yfir endurskoðan ársreikning sambandsins. Ársreikningurinn er á bls. 38-42 í ársskýrslu UMSK. Þorsteinn vekur sérstaka athygli á útgreiðslu 500 milljóna króna styrk frá Íslenskri Getspár til UMSK á árinu. Eins hvatti hann aðildarfélögin til að sækja styrki í sjóði sambandsins. Þingforseti bar ársreikninginn upp til samþykktar og var hann samþykktur.

7. Ávörp gesta.

Valdimar framkvæmdastjóri UMSK, kynnti þá viðburði sem eru á dagskrá á 100 ára afmælisári sambandsins. Ákveðið var að hafa fjóra stóra viðburði, einn í hverju bæjarfélagi.

Andri Stefánsson, nýr framkvæmdastjóri ÍSí, flutti kveðjur frá forseta, framkvæmdastjórn og starfsfólki ÍSí. Andri fór yfir viðamikla starfsemi félagsins. Hann ræddi m.a. um aukna samvinnu innan íþróttahreyfingarinnar vegna heimsfaraldursins, að reynt væri að finna leið til að jafna skiptingu lottótekna, og vinnu við samræmingu við meðhöndlun ofbeldismála innan íþróttahreyfingarinnar.

Einnig fór hann yfir mikilvægi lýðheilsu um allan aldur og mögulega aðild eldra fólks að íþróttafélögunum í framtíðinni. Andri óskaði stjórn UMSK áframhaldandi farsæld í komandi störfum.

Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ óskaði UMSK til hamingju með flotta ársskýrslu og flutti kveðju frá stjórn og starfsmönnum UMFÍ. Hann greindi frá stefnumótunarvinnu UMFÍ á síðasta ári en af því tilefni voru haldnir fundir um allt land. Hann greindi einnig frá því að mikil aðsókn er í Ungmennabúðirnar og er verið að leigja þær út utan skólatíma. Hann sagði frá því að á undanförunum árum hefur þurft að fresta viðburðum en nú er allt að komast á skrið og nefndi Jóhann Steinar m.a. Landsmót 50+ í Borgarnesi 24.-26. Júní, Unglingalandsmót HSK um verslunarmannahelgina og svo íþróttaveisluna sem unnin er í samstarfi við UMSK.

8. Álit kjörbréfanefndar.

Eysteinn Pétur Lárusson formaður kjörbréfanefndar, las upp félögin til að staðfesta fjölda þingfulltrúa en 31 fulltrúar voru staðfestir. Álit kjörbréfanefndar var samþykkt.

9. Staðfesting á aðild nýrra félaga.

Siglingaklúbburinn Vogur í Garðabæ, enginn fulltrúi í salnum, staðfesting borin upp og hún felld.

Karatefélag Garðabæjar, fulltrúi félagsins kynnti félagið, staðfesting borin upp og samþykkt.

Hnefaleikafélagið Haförn, fulltrúi félagsins kynnti félagið, staðfesting borin upp og samþykkt.

10. Umræður um skýrslu stjórnar.

Þingforseti opnaði á umræður um skýrslu stjórnar, enginn kvaddi sér hljóðs. Þingforseti bar upp skýrslu stjórnar og var hún samþykkt.

11. Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga.

Þingforseti opnaði á umræður um reikninga UMSK, enginn kvaddi sér hljóðs, þingforseti bar upp reikninga stjórnar og voru þeir samþykktir.

Hlé og viðurkenningar afhentar

Íþróttakona UMSK 2021 - Kolbrún Þöll Þorradóttir fimleikakona úr Stjörnunni.

Íþróttakarlar UMSK 2021 - Arnar Pétursson frjálsíþróttamaður í Breiðabliki

Lið ársins 2021 - M.fl. kvenna í knattspyrnu í Breiðabliki

Hvatningaverðlaun UMSK 2022 -Hestamannafélagið Hörður í Mosfellsbæ fyrir námskeið fatlaðra.

Félagsmálaskjöldinn fékk Geirarður Long í Aftureldingu

12. Skipað í nefndir til starfa á þinginu, ef þörf þykir, þar á meðal uppstillingarnefnd sem starfar á milli þinga.

Engin þörf var fyrir skipun nefnda að þessu sinni.

13. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram.

Þorsteinn Þorbergsson, fer yfir fjárhagsáætlun ársins 2022.

TILLAGA 1.

98. ársþing UMSK haldið í Mosfellsbæ 28 apríl 2022

Tillaga um fjárhagsáætlun - Frá stjórn UMSK



98. ársþing UMSK haldið 28. apríl 2022, samþykkir eftirfarandi áætlun fyrir árið 2022

Fjárhagsáætlun UMSK 2022

Texti:	Áætlun 2021	Áætlun 2022
Tekjur:		
Íslenskar Getraunir	1.300.000	1.200.000
Lottó ÍSÍ	45.000.000	60.000.000
Lottó UMFÍ	55.000.000	78.000.000
Aukagreiðsla Lotto	0	0
Skattar aðildarfélagi	1.800.000	2.000.000
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	11.000.000	13.000.000
Aðrir styrkir og tekjur	4.500.000	4.000.000
Tekjur samtals	118.600.000	158.200.000
Gjöld:		
Lottó úthlutað til aðildarfélagi	79.000.000	109.020.000
Úthlutað úr Afreksmannasjóði	7.500.000	7.500.000
	86.500.000	116.520.000
Laun:		
Laun og launatengd gjöld	14.632.500	16.000.000
Laun samtals	14.632.500	16.000.000
Kostnaður vegna mótahalds:		
Héraðsmót	600.000	600.000
Eldri borgara verkefni	250.000	0
Skólalaup UMSK	300.000	400.000
Skólasmót í blaki	150.000	0
Íþróttaveisla/100 ára afmælisverkefni	500.000	1.500.000
Verðlaun/viðurkenninga	150.000	300.000
Bóningar	250.000	250.000
Annað	50.000	500.000
Mótahald samtals	2.250.000	3.550.000
Annar kostnaður:		
Áhöld og búnaður	200.000	300.000
Aðkeypt þjónusta	300.000	1.000.000
Bókhald, reikningagerð	375.000	500.000
Burðargjöld	5.000	5.000
Bækur, tímarit	50.000	20.000
Ferðakostnaður	750.000	750.000
Bílaeigubíllar	800.000	800.000
Framlög og styrkir til félaga	2.500.000	3.000.000
Sögur tunarsjóður	500.000	2.000.000
Húsaleiga	775.000	850.000
Húsnæðiskostnaður annar	450.000	450.000
Veitingar, fundakostnaður	650.000	3.000.000

Þing og sérráð	1.000.000	1.500.000
Ritföng, pappír, prentun	25.000	25.000
Sími og net	250.000	250.000
Kerra	350.000	500.000
Tryggingar	75.000	1.500.000
Tölvukostnaður	250.000	350.000
Námskeið	150.000	1.000.000
Fræðslumál	1.500.000	2.500.000
Verkefnasjóður	3.500.000	1.500.000
Annar kostnaður samtals	14.455.000	21.800.000
Rekstrargjöld samtals	117.837.500	157.870.000

Fjárhagsáætlun borin upp og samþykkt samhljóða.

14. Laga- og reglugerðarbreytingar lagðar fram.

Engar tillögur lagðar fram.

15. Aðrar tillögur lagðar fram.

Engar aðrar tillögur lagðar fram.

16. Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir.

Engin nefndarstörf þar sem engar tillögur voru lagðar fram.

17. Afgreiðsla á álitum nefnda.

Engin afgreiðsla á álitum nefnda þar sem engar nefndir voru starfræktar.

18. Önnur mál.

Engin

19. Kosningar, kjörnefnd skilar álitum.

20. Kosning formanns.

Guðmundur G. Sigurbergsson var kjörinn formaður á síðasta héraðsþingi og því ekki kosið um formann í ár þar sem að kosningin gildir í tvö ár.

21. Kosning tveggja stjórnarmanna.

Halla Garðarsdóttir og Lárus B. Lárusson gáfu kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu, en engin önnur framboð bárust og eru þau því sjálfkjörin.

22. Kosning þriggja manna í varastjórn.

Geirarður Long Aftureldingu, Rakel Másdóttir Gerplu og Margrét Dögg Halldórsdóttir Herði, gáfu kost á sér til áframhaldandi starfa og þar sem að engin mótframboð bárust eru þau sjálfkjörin í stjórn.

23. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.

Magnús Gíslason HK og Kristján Sveinbjörnsson Álftanesi kosnir og Margrét Björnsdóttir og Hafsteinn Pálsson til vara.

24. Kosning til Íþróttapings skv. lögum ÍSÍ á því ári sem Íþróttaping er haldið.

25. Þingslit.

Formaður þakkar fundargestum fyrir komuna og hvetur til þátttöku í viðburðum á vegum sambandsins. Stefnumótunarvinna UMSK verður tekin upp á haustmánuðum og er nauðsynlegt að fá þátttöku frá félögunum við þá vinnu. Þingforseti slítur þingi.